

## AUGLÝSING

### um umferð í Borgarnesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Borgarbyggðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi.

Bifreiðastæði við norðurbrún Egilsgötu færast yfir á suðurbrún.

Gangbraut yfir Egilsgötu, sem er vestan við Bröttugötu færast yfir á hornið austan við Bröttugötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Sýslumaðurinn í Borgarnesi, 6. september 1994.*

**Stefán Skarphéðinsson.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 bætist nýr töluliður, sem verður nr. 5 og hljóðar svo:

Heimilt er að veiða rjúpu frá 15. október til 22. desember.

2. gr.

Töluliður. nr. 5 í 2. mgr. 8. gr. um veiðar á kjóa í og við friðlýst æðarvarp, verður nr. 6 eftir breytinguna.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð með heimild í lögum 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

*Umhverfisráðuneytið 19. september 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Lúðvík Bergvinsson.*